

STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

Ár 2018, Föstudaginn 21. september 2018 var haldinn 291. fundur í stjórn Strætó bs. í Mjódd og hófst hann kl. 11:00. Mætt voru: Björg Fenger, Hjálmar Sveinsson, Sigrún Edda Jónsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Karen Halldórsdóttir (sem yfirgaf fundinn kl. 12:30 eftir að farið var yfir lið 4 á dagskránni) og Ásgeir Sveinsson. Fjarverandi: Sigrún Edda Jónsdóttir. Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson framkvæmdastjóri og Ástríður Þórðardóttir sviðsstjóri fjármála og reksturs sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Forsendur fjárhagsáætlunar 2019 – viðauki A
2. Vagnakaup - tafabætur
3. Vætnisverkefnið
4. Metan
5. Innri endurskoðandi
6. Leiðakerfi
7. Önnur mál

Tekið fyrir:

1. Forsendur fjárhagsáætlunar 2019 – viðauki A.
Áframhaldandi umfjöllun um meginforsendur fjárhagsáætlunar 2019.
Forsendur fjárhagsáætlunar 2019 var lögð fyrir eigendafund Strætó 3. september sl., samhliða því var farið yfir fyrirsjáanleg frávík í útkomuspá og fjárhagsáætlun fyrir árið 2018. Niðurstaða þess fundar var að stjórn Strætó ætti að móta endanlegar tillögur að fjárhagsáætlun fyrir 2019 í samræmi við þá meginforsendu að reksturinn verði í jafnvægi og ekki komi til aukinna framlaga eigenda.
Sviðsstjóri fjármála- og rekstrar fór yfir drög að fjárhagsáætlun 2019-2023 og helstu áskoranir í rekstrinum á næstu árum.
Stjórn samþykkir að viðauki A við meginforsendur fjárhagsáætlunar 2019 verði lagður fyrir eigendafund fyrirtækisins 1. október nk. í samræmi við grein 5.2.5 í eigendastefnu Strætó.
2. Vagnakaup – tafabætur
Áframhaldandi umræður frá fundi stjórnar 17. ágúst sl. um uppgjör á tafabótum vegna seinkunar á afhendingu rafvagna sem keyptir voru á grundvelli örútboða nr. II og III. Framangreind örútboð voru boðin út á grundvelli rammasamnings, sbr. samningskaup nr. 13002 frá 2013. Í samningskaupalýsingu kemur fram að ef söluaðili afhendir ekki strætisvagnanna á tilsettum tíma skal hann greiða kaupanda tafabætur.
Stjórn samþykkir að fela framkvæmdastjóra að fá lögfræðilít á fyrirliggjandi tillögu á uppgjöri tafabóta.
3. Vætnisverkefnið
Áframhaldandi umfjöllun um stöðu vætnisverkefnis á vegum Evrópusambandsins sem gengur undir nafninu „Joint Initiative for hydrogen Vehicles across Europe“ (JIVE II FCH-JU EU) og var síðast til umfjöllunar á fundi stjórnar 17. ágúst sl. en framkvæmdastjóri undirritaði viljayfirlýsingu um þátttöku Strætó bs. í verkefninu í samræmi við heimild stjórnar frá 13. október 2017.

Stjórn telur að verkefnið samræmist vel aðgerðaáætlun í loftlagsmálum 2018-2030 sem ríkisstjórnin kynnti fyrr í mánuðinum. Þar kemur m.a. fram að annað af tveimur mikilvægustu verkefnum á leið Íslands að kolefnishlutleysi séu orkuskipti, þ.e. að hætta notkun jarðefnaeldsneytis í samgöngum og á öðrum sviðum, en nýta í staðinn orku sem losar ekki gróðurhúsalofttegundir.
Stjórn Strætó telur mikilvægt að skoða hvernig mismunandi kolefnislausir orkugjafir reynast þannig að félagið hafi reynslu af áhrifum mismunandi orkugjafa á kostnað og losun gróðurhúsalofttegunda og samþykkir því að heimila framkvæmdastjóra að halda áfram með verkefnið og undirbúa formlegt útboð.
Fulltrúi Kópavogs sat hjá við afgreiðslu málsins.
4. Metan

Framkvæmdastjóri fór yfir nauðsynlegar innviðaupbyggingu á Hesthálsi með tilkomu metans sem eins af orkugjöfum Strætó.

Stjórn felur framkvæmdastjóra og stjórnarformanni að óska eftir fundi með fulltrúum Sorpu þar sem rætt verður um framleiðslu metans sem orkugjafa fyrir almenningsvagna.

5. Innri endurskoðun

Fyrir fundinum lá bréf frá innri endurskoðenda Strætó, Sif Einarsdóttur, hjá Deliotte, dagsett 18. september 2018, sem hefur sinnt innri endurskoðun Strætó frá 2016-2018 samkvæmt ráðningarbréfi frá 8. janúar 2016.

Í bréfinu lýsir innri endurskoðandi yfir vilja sínum til að framlengja ráðningarbréfið þannig að það gildi einnig fyrir árin 2019-2020.

Stjórn samþykktir að fela framkvæmdastjóra að óska eftir áliti endurskoðunarnefndar Strætó á mögulegri framlengingu samningsins.

6. Leiðakerfi

Fyrir fundinum liggur bréf frá umhverfis- og framkvæmdarráði Hafnarfjarðar, dagsett 8. maí 2018, þar sem fram koma tillögur um endurskoðun á leiðakerfi innanbæjaraksturs í Hafnarfirði.

Ragnheiðar Einarsdóttir og Valgerður Benediktsdóttir sérfræðingar á skipulagssviði, fóru yfir tillögur að leiðakerfisbreytingu í Hafnarfirði, ásamt því að kynna mögulegar breytingar á leið 14.

Stjórn samþykkir að leiðakerfisbreytingar í Hafnarfirði verði unnar áfram innan Strætó í samstarfi við umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðar.

Stjórn samþykkti að óska eftir frekari upplýsingum varðandi breytingar á leið 14 og að tillaga að breytingu verði lögð fyrir umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar til umsagnar.

7. Önnur mál

a) Tillaga borgarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um stofnun félags strætófarþega dagsett 21. júní 2018.

Undanfarin ár hefur Strætó bs. leitast við að auka gegnsæi starfsemi sinnar með opnum aðalfundi ásamt því að vinna markvist að því að auðvelda fólki að senda inn ábendingar og fyrirspurnir. Strætó bs. hefur einnig átt gott samstarf við samtök sem kallast Hollvinasamtök Strætó en vilji þeirra samtaka er að tala fyrir hagsmunum notenda Strætó.

Stjórn Strætó mun áfram leitast við að eiga í góðum samskiptum við fulltrúa Hollvinasamtaka Strætó og hefur m.a. ákveðið að bjóða þeim að koma á fund stjórnar að minnsta kosti einu sinni á ári, þar sem hægt verður að skiptast á skoðunum um það sem betur má fara í rekstri og leiðakerfi Strætó. Á grundvelli framangreinds telur stjórn Strætó því ekki þörf á að stofnað verði félag strætófarþega.

b) Fyrirspurn frá fulltrúa Miðflokksins í Reykjavík, dagsett 5. september 2018.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að svara fyrirspurninni í samræmi við umræður á fundinum.

c) Erindi frá fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar, dagsett 13. september 2018 er varðar fyrirspurn borgarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands, varðandi útvistun verkefna hjá Reykjavíkurborg.

Stjórn samþykkti að fela framkvæmdastjóra að svara erindinu.

d) Rætt almennt um merkingar á strætisvögnum. Framkvæmdastjóra falið að skoða áhuga auglýsenda á því að auglýsa á vögnum Strætó.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið: kl. 13:30

Fylgiskjöl:

- Tillaga borgarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um stofnun félags strætófarþega dagsett 21. júní 2018.
- Erindi frá fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar, dagsett 13. september 2018 er varðar fyrirspurn borgarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands, varðandi útvistun verkefna hjá Reykjavíkurborg.
- Fyrirspurn frá fulltrúa Miðflokksins í Reykjavík, dagsett 5. september 2018
- Bréf frá umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðar – breytingar á leiðakerfi, dagsett 8. maí 2018.

Björg Fenger

Hjálmar Sveinsson
Ásgeir Sveinsson

Helga Ingólfssdóttir
Karen Halldórsdóttir